

Stjórnarfundur Beint frá býli, haldinn á Örnólfsstöðum 13.janúar 2013 kl. 14:00

Úr stjórn eru mætt Guðmundur Jón, Heidi, Marteinn, Jóhanna og Hanna

Liður 1. Markaður í samstarfi við verslunina Búrið.

Guðmundur Jón segir frá hvernig fyrirkomulag markaðarins í desember 2012 hafi verið og leggur til að ef framhald verður á slíku samstarfi þá væri mikilvægt að sama fyrirkomulag væri haft og við aðra markaði sem Beint frá býli hefur aðkomu að. Á þessum tiltekna markaði hefði BFB lagt til kr. 300.000 í styrk til Búrsins og hver þátttakandi í markaðnum hefði greitt kr. 8.000 óháð því hvort hann væri innan BFB eða utan. Á öðrum mörkuðum hefði BFB greitt eitt gjald fyrir þátttöku allra félaganna. Þetta þarf að ræða betur áður en lagt er í samstarf um fleiri markaði.

Liður 2. Hugmyndir um húsnæði undir markaði og verslanir.

Óformlegt erindi hefur borist frá eigendum 700 fermetra húsnæðis í Mosfellsbæ um not þess undir markað eða verslun tengt Beint frá býli. Einnig hefur borist óformleg fyrirspurn frá Blöndósi um álíka erindi. Stjórn tekur ekki afstöðu til þessara erinda enda ekki fullmótuð eða formleg.

Liður 3. Umsóknir inn í félagið. Engar formlegar umsóknir hafa borist um inngöngu. Fyrirspurn hefur þó borist frá framleiðenda sem er utan lögbýlis. Stjórn vísar til þess að samkvæmt samþykktum félagsins er hægt að gerast styrktaraðili eða aukaaðili ef framleiðendur eru ekki á lögbýlum. Slík aðild veitir þó enga heimild til að starfa eða auglýsa undir merkjum Beint frá býli.

Liður 4. Aðalfundur 2012. Aðalfundur verður haldinn laugardaginn 9.mars í Dæli í Víðidal. Stjórn ræddi dagskrá aðalfundar og hvern væri hægt að fá inn með erindi. Ákveðið að fá aðila til að tala um umbúðahönnun.

Liður 5. Fjárhagsstaða félagsins.

Heidi gerir grein fyrir fjárhagsstöðunni. Sex félagar skulda enn árgjöld síðasta árs. Styrkur hefur borist af fjárlögum upp á 5,7 milljónir fyrir árið 2012 og LK hefur styrkt félagið um 400þús.

Liður 6. Önnur mál.

Rætt um útgáfu bæklings og hækkun á kostnaði við prentun og dreifingu.

Fundi slitið kl. 17:00